

Rannsóknir á seiðastofnum í Húseyjarkvísl árið 2006

Karl Bjarnason og Eik Elfarsdóttir

Skagafirði 2006

VMST-N/0602



Veidimálastofnun Norðurlandsdeild

**Sæmundargata 1, 550 Sauðárkrókur. Sími: 580-6340, Bréfsími:580-6342
Veffang: www.veidimal.is Netfang: nordurlandsdeild@veidimal.is**

Inngangur og aðferðir

Rannsóknir á seiðastofnum Húseyjarkvíslar fóru fram með rafveiðum 22. ágúst 2006. Markmið rannsókna var að kanna seiðabúskap árinna, en með rafveiðum má fá upplýsingar um þéttleika seiða, útbreiðslu og ástand þeirra. Samskonar rannsóknir hafa verið gerðar í Húseyjarkvísl um langt árabíl og gefur það tækifæri á að fylgjast með breytingum frá ári til árs. Með slíkum langtímarannsóknum eykst vitneskja um lífríki árinna smám saman og þar með verður auðveldara að ákvarða á hvaða hátt skynsamlegast sé að umgangast hana og nýta.

Rafveitt var á fjórum hefðbundnum stöðum í ánni, þeim sömu og undanfarin ár. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 83 - 510 m², minni veiðisvæðin voru þar sem meira var af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra svæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir eru valdir með það að markmiði að fá sem gleggsta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Því er veitt sem víðast á vatnasvæðinu og valdir staðir, eins og kostur er, sem eru einkennandi fyrir hvern árkafla. Einnig var veitt við fjóra grjótgarða, en þar voru veiðisvæðin 9 - 28 m² að stærð og er gerð grein fyrir niðurstöðum þeirrar rannsóknar í sérstökum kafla.

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt í ána aftur. Þéttleiki seiða er reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverjum veiðistað. Þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt gefur þetta seiðavísitölu, þ.e. fjölda seiða á hverja 100 m² þéttleiki = $(\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{m}^2$ (tölur 1 og 2).

Meðallengd og -þyngd allra laxa- og urriðaseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum fyrir hvern árgang á hverjum stað (tölur 3-8). Ástandsstuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess: $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd}(gr) / \text{lengd}^3(cm)) * 100$.

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga laxa- og urriðaseiða á hverjum stað út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum veiðistað og þéttleika sama árgangs á sama stað: $lífþyngd \text{ á } 100 \text{ m}^2 = \text{meðalþyngd}(gr) * \text{þéttleiki á } 100 \text{ m}^2$ (tölur 9 og 10).

Heildarþéttleiki allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl var tekinn saman fyrir árin 2001 – 2006, bæði fyrir hefðbundna veiðistaði og einnig veiði við grjótgarða (tölur 11-22). Tvær mismunandi aðferðir voru notaðar við útreikningana:

Aðferð A: Allir staðir vega jafnt óháð stærð þeirra, þéttleiki seiða er reiknaður á hverri stöð fyrir sig og síðan tekið meðaltal stöðvanna fyrir hvert ár: $\text{þéttleiki árinna} = \text{þéttleiki hvernar stöðvar fyrir hvert ár lagður saman} / \text{fjöldi stöðva}$ (tölur 11-16).

Aðferð B: Þéttleiki seiða reiknaður fyrir ána í heild fyrir hvert ár: $\text{þéttleiki árinna} = (\text{heildarfjöldi veiddra seiða í ánni} / \text{heildarflatarmál veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{ m}^2$ (tölur 17-22). Í niðurstöðum og umræðum um þéttleika seiða í Húseyjarkvísl eftir árum er stuðst við útreikninga samkvæmt aðferð A.

Einnig voru tekin saman gögn um meðallengd, meðalþyngd og meðalástandsstuðla allra árganga laxa- og urriðaseiða í ánni í heild árin 2001 – 2006 (tölur 23-28). Sömuleiðis var vísitala lífþyngdar fyrir laxa-, bleikju- og urriðaseiði tekin saman fyrir sama árabíl (tölur 29-31).

Niðurstöður rafveiða á hefðbundnu rafveiðistöðunum

Efsti rafveiðistaðurinn í Húseyjarkvísl var eins og undananfarin ár rétt neðan við Reykjafoss (staður 1, mynd 1). Þar veiddust eins- og tveggja ára laxaseiði í nokkuð miklu magni en ekki varð vart við vorgömul eða þriggja ára seiði (tafla 1, mynd 2a). Vorgömul og eins árs urriðaseiði veiddust að auki en ekki í miklum þéttleika (tafla 2, mynd 3a).

Á rafveiðistað rétt ofan við Saurbæjarbrú (staður 2, mynd 1) veiddust vorgömul og eins árs laxaseiði en engin eldri (tafla 1, mynd 2a). Vorgömul urriðaseiði reyndust vera í miklum þéttleika á þessum stað og vart varð við eins árs seiði (tafla 2, mynd 3a).

Veitt var við Laugarhyl (staður 3, mynd 1). Þar reyndust vorgömul og eins árs laxaseiði vera í mjög miklum þéttleika auk þess sem nokkurt magn var af tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Mjög mikið veiddist af vorgömlum urriðaseiðum og töluverður þéttleiki ársgamalla seiða fannst auk þess sem nokkur tveggja ára seiði veiddust (tafla 2, mynd 3a).

Neðan við Glaumbæ (staður 4, mynd 1) veiddust sjö urriðaseiði; eitt vorgamalt, fimm ársögömul og eitt tveggja ára (tafla 2, mynd 3a) sem er töluvert meira en undanfarin ár en á þessum stað gætir mikils aurburðar úr Héraðsvötnum. Hvorki varð vart við laxa- eða bleikjuseiði en þarna veiddust fjögur hornsíli auk urriðaseiðanna.

Heildarþéttleiki laxaseiða, þ.e. fjöldi seiða á hverja 100 m² árinna á veiðistöðunum fjórum (töflur 1 og 11), var talsvert meiri en verið hefur undanfarin ár. Þar munar mestu um þéttleika eins árs seiða en einnig var nokkuð meira af vorgömlum seiðum en lengi hefur sést í ánni. Við Laugarhyl (stöð 3) var langmestur þéttleiki vorgamalla og eins árs laxaseiða (tafla 1). Þéttleiki tveggja ára seiða var einnig töluverður í ánni.

Veruleg aukning var í þéttleika ársgamalla urriðaseiða sem veiddust á öllum fjórum rafveiðistöðum árinna eins og vorgömlu seiðin (töflur 2 og 13). Mjög mikið var einnig af vorgömlum urriðaseiðum í ánni 2005 og hafa þau skilað sér vel milli ára. Eins og hjá laxaseiðunum var mestur þéttleiki vor- og ársgamalla urriðaseiða á stað 3, við Laugarhyl, en þar veiddist einnig nokkurt magn tveggja ára urriðaseiða (tafla 2).

Vorgömlu laxaseiðin voru svipuð að lengd og þyngd og í rafveiðunum 2005 en talsvert minni og léttari en árin þar á undan þegar vöxtur var óvenjugóður í ám á Norðurlandi. Eldri seiðin voru líka nokkuð styttri og léttari en síðustu ár, (töflur 3, 4, 23 og 24). Sömu sögu er að segja með vorgömlu urriðaseiðin sem voru nokkru minni en síðustu ár. Ársögömlu seiðin voru hinsvegar svipuð að stærð milli ára (töflur 6, 7, 26 og 27). Ástand og holdafar bæði laxa- og urriðaseiðanna var þrátt fyrir þetta mjög gott og talsvert yfir viðmiðunarmörkum (töflur 5, 8, 25 og 28).

Vísitala lífþyngdar þ. e. grömm laxaseiða á hverja 100 m² var mun hærri en sumarið 2005 en svipuð og árin þar á undan (tölur 9 og 29). Munar þar mestu um meiri þéttleika eldri árganganna, eins- og einkum þó tveggja ára seiða, sem veга mjög þungt í útreikningum á lífþyngd. Lífþyngd urriðaseiða var mjög svipuð 2006 og 2005 og mun hærri en árin þar á undan en nú eru það eins- og tveggja ára seiðin sem bera lífþyngdina uppi í stað vorgömlu seiðanna sem vógu þyngst 2005 (tölur 10 og 31).

Niðurstöður rafveiða við grjótgarða

Veitt var við fjóra grjótgarða að þessu sinni, einn fyrir ofan Saurbæjarbrú, tvo fyrir neðan hana og við leyfar grjótgarðs við Laugarhyl.

Við neðsta grjótgarðinn fyrir ofan Saurbæjarbrú veiddist mikið magn árgamalla laxaseiða. Vorgömul og tveggja ára seiði voru þar einnig í töluverðum þéttleika. (tafla 1, mynd 2b). Þéttleiki vorgamalla urriðaseiða var mjög mikill og vart varð við árgömlu seiði (tafla 2, mynd 3b).

Veitt var við næstefsta grjótgarðinn fyrir neðan Saurbæjarbrú. Þar voru vorgömul, eins- og tveggja ára laxaseiði í nokkrum þéttleika (tafla 1, mynd 2b). Þéttleiki vorgamalla urriðaseiða var mjög mikill og talsvert var þar einnig af árgömlum seiðum (tafla 2, mynd 3b).

Við næstneðsta grjótgarðinn neðan Saurbæjarbrúar veiddust þrjú árgangar laxaseiða, vorgömul til tveggja ára og var þéttleiki eins árs seiðanna mestur (tafla 1, mynd 2b). Þéttleiki vorgamalla urriðaseiða var mjög mikill og fannst þar einnig talsvert mikið af árgömlum seiðum (tafla 2, mynd 3b).

Grjótgarðurinn við Laugarhyl er að mestu horfinn en þar reyndist samt nokkur þéttleiki vorgamalla og árgamalla laxaseiða (tafla 1, mynd 2b). Þéttleiki vorgamalla urriðaseiða

var mikill auk þess sem töluvert veiddist af eins- og tveggja ára seiðum (tafla 2, mynd 3b).

Þéttleiki eins- og tveggja ára laxaseiða, þ.e. fjöldi seiða á hverja 100 m², við grjótgarðana var mikill og nokkru meiri en árin á undan. Vorgömlu laxaseiðin voru einnig í miklum þéttleika þó hann sé nokkru minni en árið 2005 (töflur 1 og 14). Mesti þéttleikinn reyndist vera við garð ofan Saurbæjarbrúar. Ekkert bleikjuseiði veiddist við grjótgarðana að þessu sinni frekar en á hefðbundnu veiðistöðunum. Þéttleiki vorgamalla urriðaseiða var geysimikill við alla grjótgarðana eins og í rafveiðunum 2005 og fjöldi ársgamalla seiða var umtalsvert meiri en 2005 (töflur 2 og 16).

Lengd, þyngd og ástand laxa- og urriðaseiðanna sem veiddust við grjótgarðana var mjög áþekkt því sem reyndist á hefðbundnu veiðistöðunum (töflur 3-8 og 23-28) og vísast því til þeirrar umfjöllunar.

Vísitala lífþyngdar laxaseiða við grjótgarðana var mjög mikil. Mest var lífþyngdin við garðinn fyrir ofan Saurbæjarbrú þar sem mikið var af tveggja ára seiðum, en minnst við grjótgarðinn við Laugarhyl þar sem engin tveggja ára seiði veiddust og minna af eins árs seiðum en á hinum stöðunum (tafla 9). Lífþyngd urriðaseiða var einnig mjög mikil og þá sérstaklega á neðri grjótgarðinum neðan Saurbæjarbrúar (tafla 10).

Veiðin 2006

Sumarið 2006 veiddust í Húseyjarkvísl 150 laxar og var 94 þeirra sleppt aftur (tafla 32). Stærð 50 laxa var ekki skráð og því ekki hægt að segja til um hvort þeir voru smá- eða stórlaxar. Helmingur þeirra laxa sem hægt var að skipta upp í stórlax/smálax voru smálaxahængar. 26% stærðarskráðu laxanna voru stórlaxar, 18 hrygnur, 7 hængar og 1 ókyngreindur (tafla 34). Flestir veiddust laxarnir á tímabilinu frá 22. júlí til 8. ágúst eða tæplega 19 laxar á viku. Laxar veiddist þó í hverri viku frá 17. júní til 29. september að einni viku í september undanskilinni (mynd 4). Laxarnir sem veiddust voru flestir 2,5 - 3,0 kg að þyngd, sá minnsti var 1,5 kg hrygna og sá stærsti 10 kg hrygna (myndir 5 og 6).

Í Húseyjarkvísl veiddust einnig 27 bleikjur og var 20 þeirra sleppt aftur í ána (tafla 32). Stærstur hluti þeirra, eða 17 bleikjur, veiddust dagana 18. - 19. september en hinar veiddust á tímabilinu frá 27. maí til 11. ágúst (mynd 4). Þyngd var aðeins skráð á 6 bleikjum og voru þær 0,5 – 1,0 kg að þyngd (mynd 5).

Töluverð urriðaveiði var einnig í ána en skráðir voru alls 397 urriðar en 160 var sleppt aftur (tafla 32). Veiði þeirra dreifðist nokkuð jafnt yfir tímabilið frá 13. apríl til 21. október þó einna mest hafi veiðst seinnihlutann í ágúst og byrjun september (mynd 4). Urriðarnir reyndust vera á bilinu 1,5 – 6,5 kg en flestir voru þó um 1,0 kg að þyngd (mynd 5).

Umræður

Fylgst hefur verið með fiskistofnum Húseyjarkvíslar um langt árabil og bætast nýjar upplýsingar í gagnasafnið á hverju ári með rafveiðum og stangveiðitölum. Eftir því sem slík sería verður lengri eykst vitneskjan um lífríkið í ána og þar sem rannsóknirnar fara eins fram milli ára fæst góður samburður um ástand og sveiflur.

Töluverð lægð var í laxastofnum Húseyjarkvíslar á tíunda áratug síðustu aldar, seiðabúskapur var nokkuð dræmur á árunum 1996-1999 (gögn í vinnslu) og stangveiði var slök árin 1999-2003 (Guðni Guðbergsson VMST-R/0606) þar sem saman fóru litlar göngur seiða úr ána og slakar heimtur úr sjó víða á Norðurlandi. Á þeim tíma var farið í töluverðar breytingar á veiðifyrirkomulagi til að reyna að efla laxastofna árinna. Veiðiálag var minnkað, m.a. með því að eingöngu má nú veiða á flugu í ána og stórum hluta aflans er sleppt aftur, þannig verður meira eftir af fiski í ána að hausti til hrygningar. Þetta fyrirkomulag virðist hafa gefist vel, strax varð vart aukningar í hrygningu og hafa seiðastofnar Húseyjarkvíslar smám saman verið að eflast. Gott árferði hjálpaði líka til, seiðaárgangar skiluðu sér vel milli ára í ána, döfnuðu vel og gengu fyrr út í sjó en áður. Nú er svo komið að árið 2006 mældist mesti meðalþéttleiki laxaseiða á hefðbundnu rafveiðistöðunum í Húseyjarkvísl frá upphafi rannsókna þar árið 1989.

Vöxtur seiða var þó aðeins minni í ánni árið 2006 en árin á undan, eins og raunin var í fleiri ám á Norðurlandi, vegna verra tíðarfars, en sumrin þar á undan voru óvenjugóð. Þrátt fyrir að seiðin séu minni er ástand þeirra mjög gott og mun ganga seiða til sjávar vorið 2007 að öllum líkindum verða í þokkalegu meðallagi.

Háar þéttleikatölur laxaseiða í Húseyjarkvísl haustið 2006 skýrast að mestu af mjög miklu magni seiða sem fannst á stöð 3, við Laugarhyl. Önnur svæði hýstu svipaðan þéttleika seiða og síðustu ár og gætu nýst betur sem uppeldissvæði seiða en þau gera nú. Við grjótgarðana dvelur enn töluvert af laxaseiðum en flestir þeirra nýtast þó aðallega urriðaseiðum í því ástandi sem þeir eru nú og hafa verið undanfarin ár. Þörf er á enn frekara átaki til að laga grjótgarða í kvíslinni. Mikil aukning hefur einnig verið í þéttleika urriðaseiða í ánni síðustu ár en aldrei hafa sést jafn mörg eins árs seiði þar og 2006, mjög mikið var einnig af vorgömlum urriðaseiðum og á það bæði við í grjótgördunum og hinum hefðbundnu veiðistöðum.

Samhliða auknu magni laxaseiða í Húseyjarkvísl hefur lax farið að skila sér betur úr sjó og veiði sumranna 2004-2006 var mjög góð. Veiði hefur ekki verið meiri síðan sumrin 1992 og 1993 og var hún nokkuð yfir meðallagi sumrin 2004-2006 ef miðað er við veiði á tímabilinu 1974-2006. Með breyttu veiðifyrirkomulagi veiðast einhverjir laxar oftar en einu sinni og hækka því veiðitöluna en á móti kemur að aðeins er veitt á flugu sem ætti að lækka heildartöluna. Þar sem nú er flestum löxum sleppt í Húseyjarkvísl aftur verða síðan fleiri laxar eftir í ánni til hrygningar.

Ekki er annað að sjá en að laxastofnar Húseyjarkvíslar hafi rétt verulega úr kútnum undanfarin ár, skipti þar miklu máli að skipta um veiðifyrirkomulag auk þess sem náttúrulegar aðstæður voru hagstæðar. Mikið er af seiðum í ánni, þá sérstaklega vor- og árgömlum seiðum sem munu ganga til sjávar vorin 2008 og 2009. Gangan 2006, sem mun skila sér aftur í ánni 2007 sem smálaxar, var hinsvegar í minna lagi og skal viðhafa hóflega bjartsýni í veiðivæntingum þetta árið. Næstu ár líta hinsvegar mun betur út. Á heildina litið er ástand fiskistofna í Húseyjarkvísl sérstaklega gott um þessar mundir.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl í ágúst 2006.

Staður	Stærð (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 1	420		9,76	5,00	
Staður 2	510	2,55	1,76		
Staður 3	83	16,87	31,33	2,41	
Fyrir neðan Glaumbæ	155				
Grjótg.f.o.Saurbbrú, neðri	28	32,14	64,29	17,86	
Grjótg. f.n. Saurbbrú, efsti	9	22,22	33,33	11,11	
Grjótg. f.n. Saurbbrú, mið	10	10,00	30,00	10,00	
Grjótg við Laugarhyl	10	30,00	20,00		

Tafla 2: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl í ágúst 2006.

Staður nr.	Stærð (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 1	420	2,14	0,71		
Staður 2	510	15,69	0,20		
Staður 3	83	156,63	40,96	3,61	
Fyrir neðan Glaumbæ	155	0,65	3,23	0,65	
Grjótg.f.o.Saurbbrú, neðri	28	221,43	3,57		
Grjótg. f.n. Saurbbrú, efsti	9	455,56	22,22		
Grjótg. f.n. Saurbbrú, mið	10	460,00	90,00		
Grjótg við Laugarhyl	10	200,00	30,00	20,00	

Tafla 3: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2006

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1				6,74	0,43	41	11,18	0,65	21			
Staður 2	3,84	0,47	13	6,78	0,35	9						
Staður 3	3,75	0,22	14	6,55	0,57	26	11,30	0,99	2			
Fyrir neðan Glaumbæ												
Neðri grjótg. f.o Saurbæjarbrú	3,76	0,32	9	6,87	0,58	18	11,28	0,83	5			
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú efsti	3,70	0,14	2	6,67	0,42	3	10,80		1			
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú mið	3,60		1	7,33	0,50	3	11,30		1			
Grjótg. við Laugarhyl	3,47	0,31	3	7,25	0,35	2						
Samtals	3,75	0,34	42	6,74	0,50	102	11,20	0,66	30			

Tafla 4: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2006

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1				3,26	0,58	41	15,93	3,16	21			
Staður 2	0,65	0,19	13	3,32	0,50	9						
Staður 3	0,64	0,12	14	3,08	0,83	26	16,20	1,56	2			
Fyrir neðan Glaumbæ												
Neðri grjótg. f.o Saurbæjarbrú	0,58	0,12	9	3,48	0,93	18	17,32	3,99	5			
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú efsti	0,50	0,14	2	3,03	0,47	3	13,90		1			
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú mið	0,50		1	4,13	0,85	3	15,80		1			
Grjótg. við Laugarhyl	0,47	0,12	3	3,95	0,49	2						
Samtals	0,60	0,15	42	3,29	0,73	102	16,11	3,10	30			

Tafla 5: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2006 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1				1,06	0,07	41	1,13	0,09	21			
Staður 2	1,12	0,18	13	1,06	0,06	9						
Staður 3	1,21	0,24	14	1,07	0,06	26	1,13	0,19	2			
Fyrir neðan Glaumbæ												
Neðri grjótg. f.o Saurbæjarbrú	1,08	0,10	9	1,05	0,05	18	1,19	0,06	5			
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú efsti	0,98	0,17	2	1,02	0,03	3	1,10		1			
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú mið	1,07		1	1,04	0,02	3	1,10		1			
Grjótg. við Laugarhyl	1,11	0,10	3	1,03	0,02	2						
Samtals	1,13	0,19	42	1,06	0,06	102	1,13	0,09	30			

Tafla 6: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2006

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	4,10	0,21	9	8,83	0,55	3						
Staður 2	3,98	0,35	80	8,60		1						
Staður 3	4,25	0,40	130	7,45	0,72	34	9,47	0,47	3			
Fyrir neðan Glaumbæ	4,50		1	8,44	0,46	5	10,80		1			
Neðri grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	4,27	0,42	62	7,60		1						
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú efsti	4,35	0,43	41	7,65	0,49	2						
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú mið	4,69	0,50	46	8,43	0,49	9						
Grjótg.við Laugarhyl	4,40	0,49	20	8,87	0,59	3	10,45	0,07	2			
Samtals	4,26	0,46	389	7,86	0,82	58	10,02	0,69	6			

Tafla 7: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2006

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	0,77	0,16	9	8,20	1,65	3						
Staður 2	0,68	0,22	80	7,50		1						
Staður 3	0,85	0,29	130	4,87	1,29	34	10,23	1,35	3			
Fyrir neðan Glaumbæ	1,10		1	6,60	0,90	5	14,30		1			
Neðri grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	0,88	0,30	62	5,00		1						
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú efsti	0,95	0,31	41	5,50	0,71	2						
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú mið	1,20	0,42	46	7,21	1,31	9						
Grjótg.við Laugarhyl	1,07	0,43	20	7,73	1,03	3	13,50	0,14	2			
Samtals	0,88	0,34	389	5,77	1,69	58	12,00	2,14	6			

Tafla 8: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriðaseiði sem veiddust í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2006. eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	1,11	0,17	9	1,18	0,04	3						
Staður 2	1,05	0,13	80	1,18		1						
Staður 3	1,08	0,17	130	1,15	0,06	34	1,20	0,06	3			
Fyrir neðan Glaumbæ	1,21		1	1,09	0,06	5	1,14		1			
Neðri grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	1,09	0,10	62	1,14		1						
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú efsti	1,12	0,12	41	1,23	0,08	2						
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú mið	1,12	0,08	46	1,19	0,07	9						
Grjótg.við Laugarhyl	1,20	0,20	20	1,11	0,10	3	1,18	0,04	2			
Samtals	1,09	0,15	389	1,16	0,07	58	1,19	0,05	6			

Tafla 9: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2006. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Staður 1		31,9	79,6			111,5
Staður 2	1,6	5,9				7,5
Staður 3	10,7	96,6	39,0			146,4
Fyrir neðan Glaumbæ						0,0
Grjótg.f.o.Saurbbrú neðri	18,6	223,9	309,3			551,8
Grjótg. f.n. Saurbbrú efsti	11,1	101,1	154,4			266,7
Grjótg. f.n. Saurbbrú mið	5,0	124,0	158,0			287,0
Grjótg við Laugarhyl	14,0	79,0				93,0

Tafla 10: Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2006. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Staður 1	1,6	5,9				7,5
Staður 2	10,7	1,5				12,2
Staður 3	132,9	199,5	37,0			369,4
Fyrir neðan Glaumbæ	0,7	21,3	9,2			31,2
Grjótg.f.o.Saurbbrú neðri	195,4	17,9				213,2
Grjótg. f.n. Saurbbrú efsti	433,3	122,2				555,6
Grjótg. f.n. Saurbbrú mið	550,0	649,0				1199,0
Grjótg við Laugarhyl	214,0	232,0	270,0			716,0

Tafla 11: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2006 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725	3,17	5,72	2,67	1,83	
2002	4	1395		0,11	0,43	0,10	0,05
2003	4	1645	1,43	3,48	2,44	0,52	
2004	4	956	2,06	8,24	1,12		
2005	4	1352	2,19	4,65	0,20		
2006	4	1168	4,85	10,71	1,85		

Tafla 12: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2006 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725					
2002	4	1395	0,15				
2003	4	1645					
2004	4	956	0,25				
2005	4	1352					
2006	4	1168					

Tafla 13: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2006 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725	7,28	1,67			
2002	4	1395	2,74				
2003	4	1645	17,83	3,64	0,08		
2004	4	956	20,38	2,03	0,21		
2005	4	1352	59,47	3,61			0,22
2006	4	1168	43,78	11,28	1,06		

Tafla 14: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2006 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	2	33	16,07	32,74	2,38	16,67
2002	4	67	9,05	6,93	2,47	16,99
2003	3	80	9,75	14,06	2,72	1,59
2004	4	70	17,86	20,99	8,57	
2005	6	100	51,76	27,35	1,49	2,18
2006	4	57	23,59	36,90	9,74	

Tafla 15: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2006 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	2	33	2,38			
2002	4	67				
2003	3	80				
2004	4	70				
2005	6	100				
2006	4	57				

Tafla 16: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2006 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	2	33	21,43		8,33	
2002	4	67	100,63	8,57	11,79	
2003	3	80	220,14	22,47	12,27	
2004	4	70	90,63	141,81	22,12	
2005	6	100	367,52	5,65	2,08	0,69
2006	4	57	334,25	36,45	5,00	

Tafla 17: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2006 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725	1,22	2,61	1,04	0,87	
2002	4	1395		0,14	0,65	0,14	0,07
2003	4	1645	1,52	2,67	1,22	0,36	
2004	4	956	1,88	7,01	0,84		
2005	4	1352	2,96	5,47	0,30		
2006	4	1168	2,31	6,51	1,97		

Tafla 18: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2006 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725					
2002	4	1395	0,14				
2003	4	1645					
2004	4	956	0,10				
2005	4	1352					
2006	4	1168					

Tafla 19: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2006 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725	2,72	0,58			
2002	4	1395	2,51				
2003	4	1645	11,49	1,64	0,06		
2004	4	956	14,33	1,05	0,10		
2005	4	1352	23,08	1,18			0,07
2006	4	1168	18,84	3,68	0,34		

Tafla 20: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2006 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	2	33	18,18	30,30	3,03	12,12
2002	4	67	8,96	7,46	2,99	19,40
2003	3	80	16,25	22,50	5,00	1,25
2004	4	70	35,71	31,43	12,86	
2005	6	100	64,00	35,00	2,00	3,00
2006	4	57	26,32	45,61	12,28	

Tafla 21: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2006 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	2	33	3,03			
2002	4	67				
2003	3	80				
2004	4	70				
2005	6	100				
2006	4	57				

Tafla 22: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2006 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	2	33	18,18		6,06	
2002	4	67	110,45	5,97	11,94	
2003	3	80	197,50	20,00	6,25	
2004	4	70	104,29	122,86	12,86	
2005	6	100	337,00	8,00	3,00	1,00
2006	4	57	296,49	26,32	3,51	

Tafla 23: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga laxaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2006.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+	
	Meðal-lengd (cm)	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-lengd (cm)	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-lengd (cm)	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-lengd (cm)	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-lengd (cm)	Staðal-frávik
2001	3,67	0,67	27	6,39	0,51	55	8,65	0,43	19	10,38	0,61	19		
2002	4,32	0,83	6	7,17	0,56	7	8,65	0,57	11	11,52	0,62	15	13,5	
2003	4,90	0,60	38	7,77	0,77	62	10,81	0,77	24	12,73	0,47	7		
2004	4,52	0,49	42	8,35	0,77	90	11,21	1,22	17					
2005	3,75	0,31	104	7,64	0,71	109	11,87	0,63	6	12,97	0,50	3		
2006	3,75	0,34	42	6,74	0,50	102	11,20	0,66	30					

Tafla 24: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga laxaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2006.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+	
	Meðal-þyngd (g)	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-þyngd (g)	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-þyngd (g)	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-þyngd (g)	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-þyngd (g)	Staðal-frávik
2001	1,52	0,75	6	2,91	0,50	48	7,68	1,83	18	12,39	2,15	19		
2002	0,67	0,22	6	3,93	0,80	7	5,26	1,62	11	16,81	4,01	15	21,30	
2003	1,33	0,63	38	5,64	1,79	62	15,80	3,25	24	23,27	2,30	7		
2004	0,97	0,36	42	6,29	1,64	90	15,84	5,90	17					
2005	0,57	0,16	103	5,05	1,45	109	21,13	4,31	6	27,67	1,96	3		
2006	0,60	0,15	42	3,29	0,73	102	16,11	3,10	30					

Tafla 25: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í Húseyjarkvísl 2001-2006 eftir aldri seiðanna.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+	
	Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik
2001	1,39	0,51	6	1,12	0,15	48	1,17	0,18	18	1,10	0,12	19		
2002	0,93	0,46	6	1,05	0,04	7	0,80	0,13	11	1,09	0,15	15	0,87	
2003	1,08	0,16	38	1,17	0,14	62	1,24	0,11	24	1,13	0,07	7		
2004	1,02	0,22	42	1,05	0,07	90	1,08	0,09	17					
2005	1,07	0,14	103	1,10	0,06	109	1,25	0,12	6	1,27	0,06	3		
2006	1,13	0,19	42	1,06	0,06	102	1,13	0,09	30					

Tafla 26: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga urriðaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2006.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+	
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik
2001	3,68	0,46	53	7,08	0,42	10	9,50		2					
2002	5,16	0,54	109	7,65	0,54	4	9,33	0,71	8					
2003	5,42	0,73	347	8,53	0,80	43	11,27	0,72	6					
2004	5,19	0,48	210	6,13	0,50	96	11,06	1,08	10					
2005	4,34	0,48	648	7,31	1,50	25	11,00	0,95	3	13,8		1	17,6	
2006	4,26	0,46	389	7,86	0,82	58	10,02	0,69	6					

Tafla 27: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga urriðaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2006.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+	
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik
2001	0,93	0,12	6	4,83	1,00	10	9,00		2					
2002	1,30	0,52	109	5,15	1,24	4	9,08	2,10	8					
2003	2,00	0,89	303	7,74	1,85	43	16,25	3,12	6					
2004	1,59	0,53	210	2,66	0,80	96	15,53	5,36	10					
2005	1,01	0,38	461	5,00	2,99	25	15,40	3,56	3	33,9		1	58,7	
2006	0,88	0,34	389	5,77	1,69	58	12,00	2,14	6					

Tafla 28: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriðaseiði sem veiddust í Húseyjarkvísl 2001-2006 eftir aldri seiðanna.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+	
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik
2001	1,15	0,18	6	1,35	0,06	10	1,04		2					
2002	0,93	0,24	109	1,13	0,05	4	1,10	0,06	8					
2003	1,14	0,16	303	1,24	0,14	43	1,13	0,08	6					
2004	1,10	0,16	210	1,13	0,11	96	1,10	0,09	10					
2005	1,13	0,14	461	1,14	0,07	25	1,15	0,03	3	1,29		1	1,08	
2006	1,09	0,15	389	1,16	0,07	58	1,19	0,05	6					

Tafla 29: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri árin 2001-2006 á stöðvum 1-4.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
2001	6,6	15,5	21,8	23,0		66,9
2002		0,4	2,0	1,3	1,0	4,7
2003	2,2	20,7	38,9	11,7		73,5
2004	2,2	53,1	15,2			70,5
2005	1,3	25,0	4,3			30,6
2006	3,1	33,6	29,7			66,3

Tafla 30: Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m² eftir aldri árin 2001-2006 á stöðvum 1-4.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
2001*						0,0
2002	0,2					0,2
2003						0,0
2004	0,4					0,4
2005						0,0
2006						0,0

* eina bleikjan sem veiddist var ekki vigtuð

Tafla 31: Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m² eftir aldri árin 2001-2006 á stöðvum 1-4.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
2001	5,9	8,1				14,0
2002	2,6					2,6
2003	35,0	26,5	1,1			62,6
2004	35,6	7,2	1,8			44,6
2005	72,9	20,0			12,7	105,6
2006	36,5	57,0	11,6			105,1

Tafla 32: Fjöldi veiddra og slepptra laxa, urriða og bleikju ásamt afla í Húseyjarkvísl árið 2006.


	Lax	Bleikja	Urriði
Veði	150	27	397
Sleppt	94	20	160
Afli	56	7	237

Tafla 33: Fjöldi veiddra laxa eftir kyni í Húseyjarkvísl 2006.




	Hængar	Hrygnur	Ókyngur.	Alls
Veði	82	54	14	150
Sleppt	53	33	8	94
Afli	29	21	6	56

Tafla 34: Laxveiðin í Húseyjarkvísl 2006. Skipt eftir aldri í sjó og kyni. Skipting milli smálax og stórlax er við 3,5 kg hjá hrygnum en 4 kg hjá hængum (meðalþ. = meðalþyngd í kg).


Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Ókyngur.			Samtals	
	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.
1	50	2,7	67,6	23	2,5	31,1	1	2,0	1,4	74	2,6
2	7	5,3	26,9	18	4,8	69,2	1	6,0	3,8	26	5,0
Óvíst	25		50,0	13		26,0	12		24,0	50	
Alls	82	2,1	54,7	54	2,7	36,0	14	0,6	9,3	150	2,2




Mynd 1: Rafveiðistaðir í Húseyjarkvísl




Mynd 2a: Lengdar- og aldrudreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl í ágúst 2006.




Mynd 2b: Lengdar- og aldersdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl í ágúst 2006.




Mynd 3a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl í ágúst 2006.




Mynd 3b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl í ágúst 2006.



Mynd 4: Vikuleg lax,- bleikju- og urriðaveiði í Húseyjarkvísl árið 2006.



Mynd 5: Þyngdardreifing veiddra laxa, bleikju og urriða í Húseyjarkvísl sumarið 2006.



Mynd 6: Þyngdardreifing veiddra laxa í Húseyjarkvísl sumarið 2006 eftir kyni.